



Til hamingju með kaup þín á myPOS Mini posanum

sem er byltingakennd hreyfanleg greiðsluvél sem tekur við kredit- og debetkortagreiðslum á öruggan hátt, á ferðinni!

Áður en þú byrjar að nota myPOS Mini posann þinn skaltu vinsamlega skrá þig á www.mypos.com til að fá ókeypis rafeyrisreikning og til að virkja myPOS Mini tækið.

Svona hefjumst við handa:

1. Hvernig skal taka við greiðslum

Ýttu á hvaða takka sem er (nema F1 og F2) til að fara á **Greiðslur** skjáinn og sláðu inn færsluupphæð. Staðfestu með því að ýta á græna takkann (O). Settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni.

2. Hvernig skal ógilda færslu

Aðeins er hægt að ógilda síðustu greiðslu eða endurgreiðslu sem gerð var. Ýttu á F1. Veldu **Ógilda síðustu færslu** og staðfestu með græna takkanum (O).

3. Hvernig skal gera endurgreiðslu

Ýttu á F1 og veldu **Endurgreiðsla**. Sláðu inn upphæð endurgreiðslu og ýttu á græna takkann (O) til að staðfesta. Settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni.

4. Hvernig skal gefa út afrit

Í Afrit valmyndinni, ýttu á 1 og sláðu inn farsímanúmer viðskiptavinar til að senda rafafrit með textaskilaboðum.

Ýttu á 2 og sláðu inn tölvupóstfang viðskiptavinar með því að ýta á viðeigandi bókstaf, ýttu síðan á F2 til að velja hann. Rafafrit sendist sjálfkrafa á innslegið tölvupóstfang.

Ýttu á 3 til að hætta við útgáfu kvittunar.

Vinsamlega athugaðu að myPOS Mini er umhverfisvænn og pappírslaus. Ef þú vilt gefa viðskiptavinum þínum afrit fyrir færslur skaltu vinsamlega velja annan valkostinn hér að ofan – með textaskilaboðum eða tölvupósti.

5. Hvernig skal gera áfyllingu

Ýttu á F1 á heimaskjánum og veldu síðan **Hreyfanlegt** Top-Up. Sláðu inn farsímanúmer með landakóða og staðfestu með græna takkanum (O). Veldu fjarskiptafyrirtæki viðskiptavinar og sláðu inn áfyllingarupphæð. Staðfestu með græna takkanum (O)..

6. Hvernig skal skrifa bókstafi

Ýttu á takkann fyrir ofan bókstafinn og ýttu svo á F2 þar til þú velur rétta bókstafinn.

7. Hvernig skal senda greiðslubeiðni

Ýttu á F1 takkann á heimaskjánum, ýttu síðan á F2, og veldu síðan Senda greiðslubeiðni. Sláðu inn upphæð beiðninnar og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn farsímanúmer viðskiptavinar með landakóða og staðfestu með græna takkanum (O). Settu inn gildistíma greiðslubeiðninnar og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn nafn viðtakanda (valfrjálst) og staðfestu með græna takkanum (O). Sláðu inn ástæðu greiðslu (valfrjálst) og staðfestu með græna takkanum (O). Upplýsingar um senda greiðslubeiðni koma upp. Smelltu á hvaða takka sem er til að fara úr valmyndinni.

8. Hvernig skal uppfæra POS hugbúnaðinn

Það er ekkert mál! Þú færð tilkynningu þegar uppfærsla er fánæg. Þá geturðu einfaldlega gert eftirfarandi:

Farðu í Stillingar valmyndina með því að ýta á F2 og veldu „Uppfæra hugbúnað“. Tækið mun þá sjálfkrafa leita að uppfærslum, hlaða þeim niður og setja þær upp. Endurræstu svo tækið og njóttu breytinganna!

Þarftu meiri upplýsingar? Skoðaðu FAQ hlutann á www.mypos.com